



## Heilsuteymi leikskólans Ásgarðs

Dagsetning – 20/10/23

Tímasetning – 15:00

### Mætt:

Kristinn Arnar – Leikskólastjóri

Guðný Kristín – Aðstoðarleikskólastjóri

Þorgerður Gló Tómasdóttir – Tengiliður leikskólans

Ragnheiður Sveinsdóttir – Fulltrúi foreldra

### Fjarverandi:

Hjördís Bára Sigurðardóttir – Matráður

### **Efni:**

1. Verkefnastjóri heilsueflingar hefur tekið saman svör heilsuteymis leikskólans út frá viðmiðunarlistum sem útbúnir eru af Embætti landlæknis.
  - a. Gátlistar
    - i. Nærsamfélag – 75%
    - ii. Fjölskylda – 73%
    - iii. Starfsfólk – 71%
    - iv. Geðrækt – 59%
    - v. Mataræði – 58%
    - vi. Hreyfing – 49%
    - vii. Öryggi – 42%
    - viii. Tannheilsa – 25%

Hér að ofan sést hversu mörg prósent leikskólinn skoraði í hverjum gátlista.

2. Verkefnastjóri heilsueflingar, ásamt stjórnendum leikskólans, leggja til í samráði við verkefnisstjóra Grænfánaverkefnisins að reynt verði að samræma markmið verkefnanna eins og mögulegt er. Gátlistarnir Hreyfing og geðrækt voru valdnir og verða þeir teknir fyrir þennan vetur. Þema grænfánans er lýðheilsa svo þótti að hægt væri að samræma Heilsuefandi leikskóla verkefnið og verkefni grænfánans að miklu leyti.
  - a. Stefnt er að því á þessum fundi að setja leikskólanum markmið í flokkunum Hreyfing og Geðrækt.

3. Ræddir voru punktarnir á gátlistum hreyfingar og geðræktar og valdnar voru þarfir sem að okkur þótti mikilvægast að bæta og unnum markmið út frá þeim.

Markmið skólaársins 2023-24:

- Athuga hvort Magnús íþróttakennari geti unnið eftir einhverjum viðmiðunarlista til þess að meta hreyfiframvindu og hreyfiþroska allra barna.
  - Hafa markvissari hvatningu til hreyfingar í leikskólanum, bæði í og utan. Vekja athygli á samfélagsmiðlum. Hvetja oftara á að labba í leikskólann.
  - Búa til betri aðstöðu fyrir utan hlið leikskólans fyrir hjól, bæði hjólastanda og eitthvað til þess að geyma hjálma.
  - Halda fræðslu/fyrirlestur um hreyfingu barna fyrir bæði starfsfólk og foreldra.
  - Búa til samskiptareglur sem að miða að öruggum, jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum. Þessar reglur getum við svo haft sýnilegar um allan leikskóla í einföldu myndmáli.
  - Starfsmenn fái betri þjálfun í gagnreyndum aðferðum til þess að efla æskilega hegðun og samskiptum og draga úr óæskilegri hegðun og samskiptum.
4. Ragnheiður kom með áhugaverðan punkt sem leikskólastjóri ætlar að athuga: Varðandi umferðalög, 30km hámarkshraði í kringum skólastofnun. Vantar merkingar í kringum leikskóla.

Eftir fundinn komu upp umræður um fleiri markmið sem við munum stefna að að gera.

Þau markmið voru fyrst og fremst:

- Smíða vinabekk og hafa hann við hliðina á vatnskrananum okkar úti. Þangað geta svo börn leitað þegar þau eru einmanna eða líður illa, og starfsfólk fylgist með bekknum og veita börnum sem að þurfa huggun og aðstoð. Mögulega munu elstu börnin taka þátt í því að bæði smíða og mála bekkinn.
- Innleiða að hvert barn komi með merktan vatnsbrúsa, og þá hafi börnin alltaf aðgang að vatni en ekki aðeins í matmálistímum.

Áætlað er að næsti fundur verði haldinn í desember og tekin verður staðan.